

Nd.

493. Nefndarálit

[124. mál]

um frv. til laga um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en það gerir ráð fyrir að í lögum sé heimilað að framkvæma aksturskeppni á vélknúnum ökutækjum.

Slík keppni er íþrótt, sem rutt hefur sér til rúms að undanfögnu við vaxandi vinsældir. Eðlilegt er að hún sé undir eftirliti og háð við aðstæður sem stjórnvöld geta samþykkt.

Nefndin mælir með að í IV. kafla umferðarlaga komi ný grein og frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþróttá án leyfis lögreglustjóra. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir.

Alþingi, 4. apríl 1978.

Ellert B. Schram,
form., frsm.

Ingvar Gíslason,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Páll Pétursson,
með fyrirvara.

Svava Jakobsdóttir,
með fyrirvara.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingólfur Jónsson.